

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

37. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 11. júní kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G. Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson, Ásgeir Hólm Agnarsson og G. Birgir Ragnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætttri fundarboðun.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra
2. Sala fasteigna
3. Nýbygginga fasteigna
4. Ljósleiðaratengingar
5. Fundargerðir nefnda og félaga
6. Sumarfrí sveitarstjórnar

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Sala fasteigna
Samþykkt samhljóða að setja Arnarflöt 5 á sölu. Sveitarstjóra falið að hafa samband við fasteignasala og sjá um sölu hússins.
3. Nýbygginga fasteigna
Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við byggingu ca. 560 fm stálgrindarhús með 7 bilum, 6,5 x 14 m fullbúið með innkeyrsluhurðum og lofthæð 7-8 m í mæni.
Ákvörðun um ráðstöfun neðra húsnæðis á Langeyri verður tekin á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar og ákvörðun um nýbyggingu atvinnuhúsnæðis.
Fulltrúar Bj.sv. Kofra komu inn á fund til að ræða framtíðarhúsnæði fyrir Kofra.
4. Ljósleiðaratengingar
Sveitarstjóra falið að innheimta það sem útaf stendur varðandi ljósleiðaratengingar í dreifbýli. Kostnaði verður jafnað niður á 250 þúsund á hvert tengt staðfang fyrir utan lögbýli í ábúð.

5. Fundargerðir nefnda og félaga

Fundargerð 11. fundar Fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar dags. 10. júní 2021. Fundargerðin samþykkt. Sveitarstjórn leggur jafnframt til að Anna Lind Ragnarsdóttir og Dagbjört Hjaltadóttir verði fulltrúar í starfshópi fyrir hönd Súðavíkurbrepps vegna innleiðingar farsældarfrumvarps.

Fundargerð 435. Fundar Hafnarsambands Íslands. Fundargerðin kynnt.
Þinggerð 66. Fjórðungspings Vestfirðinga 2. júní 2021. Fundargerðin kynnt.

6. Sumarfrí sveitarstjórnar

Sveitarstjórn ákveður að fundarfrí verði í ágúst.

7. Fundur ákvað að bæta inn eftirfarandi lið:

Erindi frá Margréti Geirsdóttur dags. 3. júní 2021 – skýrsla og bréf vegna barna með fjölbættan vanda og erindi vegna samstarfssamnings um barnavernd á norðanverðum Vestfirðum.

8. Fundurinn ákvað að bæta inn eftirfarandi lið:

Málefni Kleifa – Helgi Bjarnason

Sveitarstjóra falið að hafa samband við lögmann Súðavíkurbrepps og mýkja orðalagið varðandi landamerki Kleifa og lands Súðavíkurbrepps við almenninga í Skötufirði.

Elsa G. Hólm Borgarsdóttir vék af fundi.

9. Fundurinn ákvað að bæta inn eftirfarandi lið:

Umsögn um brennuleyfi að Garðstöðum.

Súðavíkurbreppur veitir jákvæða umsögn um brennuleyfi að því gefnu að um sé að ræða litla brennu og áætlaður brennutími 2-3 tímar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:33

Elsa G. Hólm Borgarsdóttir
Agnarsson

Asgeir Hólm Agnarsson
Asgeir Hólm

G. Birgir Ragnarsson

Karl Guðmundur Kjartansson
Karl Guðmundur Kjartansson

Gustaf B. Ragnarsson

Samuel Kristjánsson
Samúel Kristjánsson
oddviti